

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um lögskil af jörð, sem er í eyði.** — Þarsem þjer, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m., hafið spurzt fyrir um, hvort eiganda jarðar, sem er í eyði, þrátt fyrir það, þó hún hafi verið boðin upp til ábúðar eða afnota, sje skylt að halda uppi lögskilum af henni þau ár, sem hún er í eyði, ef hann samt sem áður hefur haft einhvern arð af henni þau ár, vil jeg tjá yður, að eptir lögum um skatt á ábúð og afnotum jarða og á lausafje 14. desember 1877, 2. gr. og lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. jan. 1884, 1. gr., getur eigandi jarðar, sem ekki er seld öðrum á leigu, því aðeins losast undan að halda uppi lögskilum fyrir jörðina, að hann hafi engin afnot af henni og að hún sje honum með öllu arðlaus.

80

5. júlí.

### Auglýsing

um undirskript bankastjórnarinnar á seðla landsbankaus.

Í sambandi við auglýsing ráðgjafans fyrir Íslandi dags. 25. maí þ. á., sem prentuð er í A-deild Stjórnartíðindanna bls. 60—61, skal hjermeð birt fyrir almenningi, að stjórn landsbankans hefur afráðið, að framkvæmdarstjóri L. E. Sveinbjörnsson og gæzlu-  
stjóri Eiríkur Briem riti til skiptis nafn sitt á bankaseðlana.

Reykjavík 5. júlí 1886.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

81

5. júlí.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu viðvíkjandi gjöldum af skipum, sem leita hafna út úr neyð.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 16. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá að skipin «Coureer» og «Ida», sem áttu að fara til Borðeyrar, hafi leitað inn á Sauðárkrók sökum storma og hafiss, og að þjer þá hafið krafizt af skipstjórunum, að þeir greiddu yður hálf afgreiðslugjald og enn fremur aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, sem í skipunum væru, en að skipstjórnarnir hafi færzt undan að greiða þessi gjöld, sökum þess að þeir hefðu leitað inn á Sauðárkrók út úr neyð. Hafið þjer útaf þessu tilefni spurzt fyrir um, hvað útheimtist til þess, að skip geti sagzt að leita »Nöðhavn», og hvort nauðsynlegt sje í slíkum tilfellum að halda próf yfir skipshöfninni því viðvíkjandi, því undir því hljóti að vera komið, hvort skip geti sloppið hjá að greiða afgangsgjald og aðflutningsgjald af áfengum drykkjum.

82

6. júlí.

Um þetta gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að það hlýtur að vera komið undir atvikum í hverju einstöku tilfelli, sem engum lögreglustjóra virðist vera ofætlun að ráða úr, hvort skip geti sagzt að leita hafnar útúr neyð, einsog það líka er komið undir atvikum, hvort nokkur þörf er á að halda próf því viðvíkjandi yfir skipshöfninni, en jeg skal benda yður á, að eptir rentukammerbrjefi 23. maí 1840 ber ekki að heimta afgangsgjald af skipi, þó það komi inn á höfn, ef það hvorki affermir þar nje fermir.

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1886 og 1887.

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu um að verja hluta sýslunnar fyrir 1886 af fjenu til eflingar búnaði, 780 kr., til launa handa búfræðingi, er ferðist um sýsluna og veiti mönnum tilsögn í jarðabótum.